

**GJALDSKRÁ**  
**fyrir mat umsóknar um heimild heilbrigðisstarfsmanns  
til að gegna starfi hér á landi.**

1. gr.

*Gjald vegna umsóknar heilbrigðisstarfsmanns um starfsleyfi og sérfræðileyfi  
frá EES-ríki, Sviss eða ríki sem íslenska ríkið hefur samið við  
um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.*

Umsækjandi um starfsleyfi og sérfræðileyfi samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, frá aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, Sviss eða frá ríki þar sem samið hefur verið um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, skal greiða embætti landlæknis gjald skv. 3. mgr. 8. gr. laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, sbr. 34. gr. reglugerðar, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðum EES-ríkjum, nr. 461/2011.

Gjaldið skal vera skv. 3. gr.

2. gr.

*Gjald vegna umsóknar heilbrigðisstarfsmanns um starfsleyfi og sérfræðileyfi frá ríki  
sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.*

Umsækjandi um starfsleyfi og sérfræðileyfi samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, sem lokið hefur námi í ríki sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, skal greiða embætti landlæknis gjald skv. 31. gr. laganna.

Gjaldið skal vera skv. 3. gr.

3. gr.

*Gjald.*

Gjaldið skv. 2. mgr. skal standa undir kostnaði við mat umsagnaraðila á umsókn heilbrigðisstarfsmanns, yfirferð og mat gagna og aðra umsýslu.

Gjaldið skal vera sem hér segir:

- |   |            |
|---|------------|
| a. Vegna mats umsóknar um starfsleyfi eða sérfræðileyfi á grundvelli<br>menntunar á háskólastigi: | Kr. 50.000 |
| b. Vegna mats umsóknar um starfsleyfi á grundvelli menntunar á<br>framhaldsskólastigi:            | Kr. 25.000 |

Landlækni er heimilt að innheimta gjaldið áður en umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar og gögn send til umsagnaraðila.

Kjósi umsækjandi að draga umsókn sína til baka eða fyrir liggur synjun um útgáfu starfsleyfis eða sérfræðileyfis er framangreint gjald óafturkræft.

Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar.

4. gr.

*Gjaldtaka vegna útgáfu leyfis.*

Um gjaldtöku vegna útgáfu starfsleyfa og sérfræðileyfa fer skv. 10. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Nr. 257

18. febrúar 2014

5. gr.  
*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. mgr. 8. gr. laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til að starfa hér á landi, nr. 26/2010, og 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 og öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 18. febrúar 2014.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
heilbrigðisráðherra.

*Margrét Björnsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2014